

## L Ö G

32

1. apríl

um breyting á lögum nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Forseti getur þó veitt þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, lausn frá embætti, enda njóti hann þá sömu eftirlauna sem hann hefði fengið, ef hann hefði gegnt starfinu til 70 ára aldurs.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1948.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

## L Ö G

33

1. apríl

um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Kauplagsnefnd skal nú þegar reikna út nýja húsaleiguvísitölu, er gildi frá 1. janúar til 31. marz 1948, þar sem lögð er til grundvallar hin almenna vísitala 300.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1948.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.